

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
04.07.2021

Kópavogur,

Skrifstofa loftslagsmála
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: **Ryðja burt hindrunum fyrir skógrækt, endurheimt votlendis og landgræðslu**

Efnið tengist að mestu kafla 5, skipulagsmál. En lykilatriðið að Ísland verði skipulagt til að koma í veg fyrir árekstra hagsmunaaðila. Stjórnvöld þurfa að ryðja burt hindrunum til að markmiðum um kolefnishlutleysi árið 2040 verði náð. Átak í kolefnisbindingu og endurheimt votlendis er lykilatriði við að ná markmiði ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Ryðja í burtu hindrunum

- Skipuleggja Ísland fyrir skógrækt
- Tryggja að landsáætlun um skógrækt (LSK2020) og landgræðsluáætlun verði fylgt eftir
- Tryggja að lagaramminn uppfylli markið skógræktar, endurheimt votlendis og landgræðslu
- Gera þarf heilstætt áhættumat fyrir skógrækt, endurheimt votlendis og landgræðslu
- Búa til umgjörð um vottaðar kolefniseiningar
- Kolefnisbinding verði í árangursmælikvörðum

Skipulag fyrir skógrækt

Ljóst er að skógrækt gegnir stóru hlutverki við að ná Parísarmarkmiðunum. Auk þess eykur skógrækt líffræðilegan fjölbreytileika.

Skipuleggja þarf Ísland m.t.t. hvar má rækta skóg.

- Skilgreina þar hvar má rækta skóg á landinu og þá sést hve stórt hlutfall hægt er að nýta
- Skilgreina þarf hvaða trjátegundir eru æskilegar á hverju svæði
- Skilgreina hvað eru ágengar tegundir
- Gera þarf áhættumat vegna skógræktar. Skógareldar og sjúkdómar.

Stjórnvöld þurfa að ryðja hindrunum úr vegi. Allt miðar þetta að því að koma fyrir lagalegar þrætur í framtíðinni. Við megnum engan tíma missa.

Tryggja þarf að ákveðin svæði verði ekki skógi vaxin. Dæmi um það er umræðan um þrengingar að lóunni og spóanum. Einnig þarf að skilgreina skilin á milli skógrækar og afréttar.

<https://www.ruv.is/frett/ottast-um-afdrif-heidlou-a-islandi> (ruv.is 17.2.2019)

Endurheimt votlendis

Auka þarf samstarf milli samtaka bænda, sveitarfélaga og opinberra stofnana til að unnið sé að vernd votlendis með skipulegri hætti en nú er

Dæmi um hindranir

Öll skógrækt er skipulags- og framkvæmdaleyfisskyld og um hana gilda fjölmörg lög og reglugerðir. Það tekur oft marga mánuði og jafnvel ár að fá öll tilskilin leyfi til skógræktar. (ruv.is 17.2.2019)

<https://www.ruv.is/frett/skograektarstjori-visar-gagnryni-ni-a-bug>

Skrifræði sveitarstjórna tefur skógrækt (frettabladis.is 11.4.2021)

<https://www.frettabladid.is/frettir/skrifraedi-sveitarstjorna-tefur-skograekt/>

Illdeilur milli sauðfjárbænda og skógarbænda vegna ágangsfjár (frettabladis.is 30.6.2021)

<https://www.frettabladid.is/frettir/illdeilur-milli-saudfjarbaenda-og-skogarbaenda-vegna-agangsfjar/>

Fá leyfi til að endurheimta votlendi í Ketildölum (ruv.is 10.7.2021)

<https://www.ruv.is/frett/2020/07/10/fa-leyfi-til-ad-endurheimta-votlendi-i-ketildolum>

Við megum engan tíma missa. Á meðan súrnar sjórinn og jöklarnir bráðna.